



ÁRSSKÝRSLA FAB LAB SUÐURNES 2025

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
STARFSEMIN	5
Fólkið	5
Heimsóknir	6
Tímarnir	7
TÆKJABÚNAÐUR	8
Listi yfir tækjabúnað	8
Framtíðarsýn í tækjabúnaði og aukahlutum	9
VERKEFNI	10
Grunnskólar	10
Heiðarskóli	10
Grunnskóli á Suðurnesjum	11
Valgrein grunnskólanema	12
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	12
Rafvirkjabraut	14
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	15
Bríet Ósk	15
Önnur samstarfsverkefni og nýting á smiðjunni	16
NÁMSEFNI	17
Námsefni	17
SAMSTARF	18
Fab Lab Ísland	18
Nordic Fab Lab Network	18
FAB FOUNDATION	19
ÞAKKIR	20
LOKAORÐ	21

INNGANGUR

Ársskýrsla fyrir Fab Lab Suðurnes fyrir árið 2025.

Árið 2025 var viðburðaríkt í starfsemi Fab Lab Suðurnes og einkenndist af vexti, aukinni aðsókn og breiðari þátttöku ólíkra hópa samfélagsins. Smiðjan hélt áfram að þróast sem mikilvægur vettvangur fyrir nýsköpun, tæknilæsi og skapandi lausnir þar sem einstaklingar, nemendur og samstarfsaðilar fá tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Á haustmánuðum urðu breytingar á stjórn smiðjunnar þegar Vilhjálmur Magnússon lét af störfum og tók Lísbet Guðný Þórarinsdóttir við starfi verkefnastjóra. Með stjórnendaskiptunum hófst nýr kafli í starfseminni, byggður á þeim góða grunni sem lagður hafði verið á undanförnum árum.

Sú umfjöllun sem hér birtist tekur fyrst og fremst til tímabilsins frá september til desember 2025. Stöðuskýrsla Vilhjálms, sem nær yfir starfsemi frá janúar til júní sama ár, er birt aftast í skýrslunni og gefur mikilvæga heildarmynd af fyrri hluta ársins.

Á árinu jókst notkun smiðjunnar, sérstaklega meðal nemenda í framhaldsskóla, og samstarf við grunnskóla, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, listafólk og félagasamtök eflidist. Kynningarstarf haustsins hefur þegar skilað sér í fjölgun notenda á nýju ári og ljóst að Fab Lab Suðurnes er að festa sig í sessi sem lykilinnviður í menntun, nýsköpun og samfélagsþróun á svæðinu.

**Fab Lab Suðurnes
er.... þar sem
hugmyndir verða
að veruleika**

STARFSEMIN

Fólkið




Lísbet Guðný Þórarinsdóttir

Haustið 2025 tók við nýr verkefnastjóri hjá Fab Lab Suðurnesja. Lísbet er myndlistarmaður og smíðakennari að mennt og hefur sérhæft sig í nýsköpunar- og tæknimenntun. Hún býr yfir viðtækri reynslu af þróunarstarfi þar sem skapandi hugsun, hönnun og stafræn framleiðsla eru samþætt í kennslu.

Í meistaraverkefni sínu rannsakaði Lísbet hvernig efla megi skapandi hugsun nemenda með markvissri notkun stafræns framleiðslubúnaðar. Þar var sérstök áhersla lögð á möguleika þrívíddarprentunar í grunnskólastarfi og hvernig styðja megi kennara við innleiðingu tækninnar. Í framhaldi af rannsókninni hefur hún þróað og gefið út

námsefni sem ætlað er að auðvelda kennurum að nýta Fab Lab hugmyndafræði, hönnunarhugsun og stafræna framleiðslu í skólastarfi.

Heimsóknir




Heimsóknarfjöldi í Fab Lab smiðjuna sveiflast milli ára. Þegar töluleg gögn fyrir árið 2025 eru skoðuð kemur í ljós að stærsti notendahópurinn var framhaldsskólanemendur og nam hlutfall þeirra um 54% af heildarnotkun smiðjunnar. Þar á eftir komu almennir notendur, en grunnskólanemendur og nemendur á vegum símenntunar voru með svipað hlutfall.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja bauð upp á Fab Lab áfanga sem naut mikilla vinsælda. Á vorönn var nemendafjöldi orðinn svo mikill að skipta þurfti honum í tvo hópa. Á haustönn var einn hópur starfandi í smiðjunni. Áfanginn er skylduáfangi á tölvubraut en val fyrir aðra nemendur. Nemendur í áfanganum voru í framhaldi öflugir notendur og nýttu opna tíma vel til að vinna að verkefnum sínum og þróa eigin hugmyndir. Vinsældir áfangans hafa aukist jafnt og þétt og hófust því tveir grunnáfangar og einn framhaldsáfangi í janúar 2026.

Grunnskólar: Heiðarskóli var með tvo hópa sem unnu að verkefnum í smiðjunni sem hluta af hönnun og smíði. Auk þess var annar grunnskólahópur úr nágrenninu með fasta tíma einu sinni í viku, 90 mínútur í senn. Hlutfallslega fáir nemendur úr grunnskólahópum nýttu sér opna tíma utan skipulagðrar kennslu. Líklegt er að rekja megi það til opnunartíma, en lengri opnun var á mánudögum og bar sá tími oft upp á þegar margir nemendur stunda íþróttir eða annað tómstundastarf.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hélt námskeið fyrir þátttakendur í virkni og vellíðan. Þeir nemendur nýttu opna tíma vel til áframhaldandi vinnu. Sérstaklega reyndist vel að opinn tími var í beinu framhaldi af námskeiðinu, sem gerði þátttakendum kleift að halda áfram verkefnum þrátt fyrir að formlegri kennslu væri lokið þann daginn.

Samanburður á heimsóknarfjölda milli ára getur verið vandasamur þar sem breyting varð á stjórnun smiðjunnar um mitt ár. Engu að síður sýna gögn að heildarfjöldi heimsókna jókst úr 1.588 árið 2024 í 2.028 árið 2025. Það jafngildir um 22% aukningu og bendir til vaxandi vinsælda og aukinnar vitundar um starfsemi smiðjunnar.





Tímarnir

Tímarnir í Fab Lab smiðjunni skiptast milli kennslu fyrir grunn- og framhaldsskóla og símenntunar, opins húss og tíma sem varið er í handleiðslu og þróunarverkefni. Smiðjan er að jafnaði opin um 40 tíma á viku, þó að opnunartímar og skipulag geti tekið breytingum á milli anna.

Tímataflan er endurskoðuð reglulega og mótast af aðsókn, bókunum og þörfum þeirra hópa sem nýta sér aðstöðuna hverju sinni. Leitast er við að bregðast sveigjanlega við breyttum aðstæðum og tryggja sem best jafnvægi milli skipulagðrar kennslu og aðgengis almennra notenda.

Samanburður milli vor- og haustannar sýnir hvernig áherslur í nýtingu smiðjunnar geta breyst á milli tímabila. Hlutfall kennslu, opins húss og þróunarverkefna ræðst meðal annars af framboði námskeiða, samstarfi við skóla og þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni.



TÆKJABÚNAÐUR

Í upphafi árs fékk smiðjan nýjan laserskera af gerðinni Epilog Fusion Pro. Helsti kostur hans er verulega stærri vinnuflötur en áður stóð til boða; eldri tæki taka plötur allt að 610 × 305 mm en nýi skerin býður upp á vinnusvæði um 914 × 610 mm.

Í byrjun september 2025 kom þó upp bilun, svokölluð *driver fault* villa, sem ekki hefur tekist að leysa þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðinga. Unnið er að frekari greiningu og viðgerðum og eru bundnar vonir við að tækið komist aftur í fulla notkun sem fyrst.

Á árinu var hitapressan flutt úr textílstofu yfir í Fab Lab. Sú ákvörðun var tekin í kjölfar þess að vínyskeri í textílstofu bilaði og talið var hagkvæmt að samnýta aðstöðuna. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og jafnframt aukið vitund textílnemenda um möguleika smiðjunnar þegar kemur að vinnu með fatnað og textíl.

Listi yfir tækjabúnað

Við lok árs 2025 var eftirfarandi búnaður til staðar í smiðjunni:

Laserskeri	Epilog Fusion Pro	1
Laserskeri	Epilog Edge	1
Vínyskeri	GCC	1
Hitapressa	Siser	1
Yfirfræsari stór	ShopBot PRS- Alpha	1
Yfirfræsari lítill	Daedalus	1
Þrívíddaprentari	Bambu Lab X1 - Carbon	2
Þrívíddaprentari	Prusa MK4	3
Útsaumsvél	Brother PR680W	1
Þrívíddarskanni	Crealty Lizzard	1
Akrýl beygjuvél	Heimagerð	1
Hljóðkort	Pre-sonus Studio 68c	1
Hljóðnemar		2
Straumgjafar	DiaIary	2
Hitaborð fyrir lóðavinnu	YIHUA	1

Framtíðarsýn í tækjabúnaði og aukahlutum

Ljóst er að þörf er á að fjölga borðtölvum í smiðjunni. Nú eru til staðar fimm vinnustöðvar en miðað við umfang kennslu og fjölda notenda er lágmarkspörf metin á um tíu tölvur. Til bráðabirgða hefur verið brugðist við með því að útvega eldri tölvur frá skólanum og er stefnt að því að þær verði teknar í notkun um miðjan febrúar 2026. Sú lausn er þó tímabundin, þar sem afköst tölvanna eru takmörkuð og þær ráða illa við keyrslu þyngri hönnunar- og framleiðsluhugbúnaðar.

Borðrymi er jafnframt takmarkað, en fundin hefur verið möguleg útfærsla þar sem sófi, sem hefur nýst lítið, yrði fjarlægður og í staðinn komið fyrir fleiri tölvuvinnustöðvum. Með þeirri breytingu væri hægt að bæta aðstöðu notenda verulega og mæta aukinni eftirspurn.

Einnig hafa komið upp áskoranir í nýtingu hlaðvarpsstúdíósins. Þegar notendur koma með eigin tölvur þarf oft að setja upp hugbúnað og stilla búnaðinn sérstaklega fyrir hverja upptöku. Hægt væri að einfalda ferlið með því að hafa fasta tölvu tengda við stúdíóbúnaðinn. Þá gætu notendur einfaldlega vistað efnið á USB-lykil eða sent sér það rafrænt að upptöku lokinni. Slík lausn myndi spara tíma, minnka líkur á tæknilegum vandamálum og gera aðstöðuna aðgengilegri.

Auk þess eru nokkur tæki og aukahlutir sem myndu styrkja starfsemina enn frekar, þótt þeir teljist ekki brýn nauðsyn að svo stöddu. Þar má nefna derhúfuramma fyrir útsaumsvél. Vélin hefur verið mikið notuð og þrátt fyrir að fyrir sé gott úrval ramma hafa derhúfurammar reynst vinsæl viðbót í öðrum smiðjum og myndu auka möguleika notenda til framleiðslu.

Einnig væri æskilegt að bæta við snúningsbúnaði fyrir laserskera sem gerir kleift að rasta eða skera í sívalninga, svo sem glös og brúsa. Með slíkum búnaði myndu opnast ný tækifæri í kennslu, vöruþróun og fyrir almenna notendur.

Þá hefur áhugi verið á að fá fjölnota prent- og skurðarvél, til dæmis Roland BN-20, sem sameinar prentun og útskurð. Slík vél myndi nýtast vel í verkefnum sem tengjast merkingum, límmiðum og grafískri framleiðslu og styrkja þjónustu smiðjunnar við fjölbreyttan notendahóp.

Loks hefur verið kallað eftir formmótunarvél og hafa meðal annars nemendur í frumkvöðlafræði sýnt þeim búnaði mikinn áhuga. Áform eru um að smíða slíka vél innan smiðjunnar. Framkvæmdir hafa tafist vegna anna, en stefnt er að því að verkefninu verði lokið fyrir lok vorannar 2026.

VERKEFNI



Grunnskólar

Í fyrri ársskýrslu kom fram að leggja þyrfti aukna áherslu á tengsl við grunnskóla á svæðinu. Þann grunn lagði Vilhjálmur Magnússon, fyrrum forstöðumaður, með markvissri kynningu á starfi smiðjunnar innan grunnskólanna.

Ef rýnt er í gögn um heimsóknir í Fab Lab, sem fjallað er um á síðum hér á undan, má sjá að grunnskólanemendur sóttu smiðjuna lítið sem ekkert framan af ári. Á haustönn hafði sú staða hins vegar breyst og þá voru þrír hópar frá grunnskólum farnir að nýta sér aðstöðuna með reglubundnum hætti og mörg samstarfsverkefni enn í vinnslu.

Heiðarskóli

Elsa Þóra Eggertsdóttir, kennarar í hönnun og smíði Heiðarskóla hafði frumkvæði að samstarfi við Fab Lab Suðurnes með það að markmiði að samþætta tölvustudda hönnun, smíði og nýtingu á stafrænum framleiðsluaðferðum í kennslu. Úr varð verkefnið *Gestabók*, þar sem nemendur hönnuðu verk í Inkscape sem síðan voru skorin út í laserskera í smiðjunni.

Í upphafi fengu kennarar fræðslu í notkun Inkscape og samhliða var þróað kennsluefni sem hægt var að nýta beint með nemendum. Efnið var sett fram í myndskreiðum sem studdu við sjálfstæða vinnu. Hönnun og undirbúningur fór fram í skólanum en nemendur komu síðan í Fab Lab til að nýta laserskera.



Reynsla af fyrstu verkefnum sýndi að nemendur vörðu mikilli orku í að ná tökum á forritinu sjálfu, stundum á kostnað skapandi hugsunar og útfærslu eigin hugmynda. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á kennsluaðferðum og var þá í auknum mæli stuðst við Canva, sem gaf nemendum meira svigrúm til frjálsrar hönnunar. Sú nálgun hafði þó þær takmarkanir að ekki var unnt að útbúa vector teikningar til útskurðar (e. vector), heldur einungis til leturgröftunar (e. engrave).

Í framhaldi hafa nemendur tekist á við fjölbreyttari verkefni, meðal annars hönnun og gerð kökutoppa og kortaböxa, sem notið hafa vinsælda. Slík verkefni krefjast aftur á móti notkunar Inkscape og hefur því verið lögð áhersla á að styðja þá nemendur sem vilja tileinka sér þá færni.

Stefnt er að því að meta kennsluaðferðir, gagnsemi náms- og kennsluefnis og fyrirkomulag samstarfsins í lok skólaárs, með það að markmiði að þróa verkefnið áfram. Áframhaldandi

samvinna er við kennara við skólann og er samstarfið í stöðugri mótnun.



Verkefnið hefur vakið talsverða athygli á Suðurnesjum. Meðal annars kynnti Elsa verkefnið á sameiginlegum starfsdegi grunnskóla á svæðinu, þar sem áhersla var lögð á samþættingu hönnunar, tækni og verklegrar vinnu. Þá komu fulltrúar frá Félag smíðakennara í heimsókn í smíðjuna til að kynna sér framkvæmd verkefnisins og fá innsýn í samstarfið.

Grunnskóli á Suðurnesjum

Hópur nemenda á unglingastigi hafði fastan tíma í Fab Lab einu sinni í viku, 90 mínútur í senn. Kennari fylgdi hópnum og var unnið markvisst eftir hönnunarferli þar sem hugmyndir nemenda voru þróaðar og gerðar að raunverulegum afurðum.

Markmið verkefnisins var að vekja áhuga nemenda, en þátttaka var valkvæð og jafnframt hugsuð sem hvatning og umbun. Leitast var við að finna leiðir fyrir hvern og einn til að útfæra sínar hugmyndir með stuðningi tækninnar og þeim fjölbreytta búnaði sem smíðjan hefur yfir að ráða.

Nemendur nýttu mismunandi hugbúnað eftir eðli verkefna, þar á meðal TinkerCad, Inkscape og Canva. Framleiðslan fór fram á þrívíddarprenturum, í laserskera eða með vínylskera. Einn nemandi hóf einnig vinnu við verkefni fyrir CNC yfirfræsara, en það náðist ekki að ljúka því innan annarinnar.

Við lok annar fengu nemendur kost á að skrá sig í framhaldsnámskeið á vorönn. Þar verður unnið að hönnun og smíði LED lampa sem samþættir notkun laserskera, örtölvu og þrívíddarprentunar og byggir á hugmyndum nemenda sjálfra. Allir nemendur hópsins skráðu sig í framhaldið og má því segja að markmið verkefnisins um aukinn áhuga og virkni hafi náðst.



Valgrein grunnskólanema

Nemendum á unglingastigi í grunnskólum á Suðurnesjum stendur til boða að sækja valnámskeið í Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Hópur grunnskólanemenda hefur nýtt sér þann möguleika og setið Fab Lab áfanga sem að uppbyggingu er að mörgu leyti sambærilegur við þann sem kenndur er í dagskóla skólans.

Nemendur mæta einu sinni í viku, eina klukkustund í senn, og stendur áfanginn yfir bæði haust- og vorönn.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fab Lab áfanginn er kenndur af Rósu Guðmundsdóttur og miðar að því að kynna nemendum helstu tæki, verkferla og hugmyndafræði stafrænnar framleiðslu. Nemendur vinna markvisst með hvert tæki fyrir sig og öðlast jafnframt færni í notkun hönnunarforrita á borð við Inkscape og Tinkercad. Áhersla er lögð á að byggja upp sjálfstæði í vinnubrögðum, skilning á ferlum frá hugmynd að fullunninni vöru og getu til að velja viðeigandi aðferðir hverju sinni.

Að loknum skylduverkefnum taka nemendur að sér sjálfstætt lokaverkefni þar sem þeir samþætta að lágmarki tvær mismunandi framleiðsluaðferðir. Í þeirri vinnu reynir á hugmyndavinnu, lausnaleit, prófanir og endurbætur – allt lykilþætti í nýsköpun og hönnunarhugsun. Útkoman hefur verið afar fjölbreytt og sýnir vel hversu ólíkar leiðir nemendur fara þegar þeir fá svigrúm til að þróa eigin hugmyndir.

Í gegnum áfangann efla nemendur tæknilæsi sitt og öðlast dýpri skilning á möguleikum stafrænnar tækni í




námi, starfi og framtíðarsköpun. Þeir þjálfast í að takast á við áskoranir, vinna sjálfstætt og í samstarfi, miðla hugmyndum og bera ábyrgð á eigin verkefnum – hæfni sem nýtist vel í áframhaldandi námi og á vinnumarkaði.

Sérstaklega hefur verið ánægjulegt að sjá hversu margir nemendur nýta sér opna tíma smíðjunnar til viðbótar við skipulagða kennslu. Þar vinna þeir áfram að eigin hugmyndum, gera tilraunir og þróa verkefni sem oft tengjast ekki beint áfanganum, heldur persónulegum áhugasviðum þeirra. Sú virkni er skýr vísbending um aukinn áhuga, sjálfstæði og frumkvæði nemenda.

Við lok árs lágu fyrir þær ánægjulegu upplýsingar að vinsældir Fab Lab áfangans höfðu aukist verulega.

Á vorönn 2026 voru því í boði þrír áfangar, tveir grunnáfangar og einn framhaldsáfangi.


Umfangsmikið kynningarstarf fór fram á haustönn og hefur það þegar skilað sér í aukinni aðsókn. Nemandur af ólíkum námsbrautum, svo sem textílbraut, listnámsbraut og viðskiptafræðibraut, hafa nýtt sér aðstöðu smíðjunnar í auknum mæli við upphaf árs 2026.



Rafvirkjabraut

Rafiðnaðarbraut nýtti smiðjuna markvisst á haustönn 2025. Þar framleiddu þeir meðal annars Bluetooth-hátalara og var yfirfræsarinn nýttur við gerð hátalaraboxs. Vinnan kallaði á nákvæman undirbúning í hönnunarforritum og góðan skilning á samspili rafeindatækni og stafrænnar framleiðslu.

Með þessari nálgun fengu nemendur tækifæri til að tengja saman fræðilega þekkingu og verklega framkvæmd, auk þess að kynnst vinnuferlum sem endurspeglar raunverulegar aðstæður í framleiðslu og vöruþróun. Nýting rafiðnaðarbrautar á smiðjunni sýnir vel hvernig Fab Lab getur stutt við ólíkar námsbrautir og aukið möguleika nemenda til nýsköpunar og skapandi lausna.





Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námskeið á vegum Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fóru fram einu sinni í viku, 120 mínútur í senn, með áherslu á virkni, vellíðan og skapandi þátttöku. Þátttakendur komu sjálfir með hugmyndir sem unnið var með að þróa áfram og fundnar leiðir til að útfæra með stuðningi tækjabúnaðar og aðstöðu Fab Lab.

Úr urðu fjölbreytt og metnaðarfull viðfangsefni. Þar má nefna lausnir sem auðvelda vinnu við rafmagn, skipulag og flokkun á verkstæði, hönnun skartgripaskrína og framleiðslu íhluta fyrir búninga. Verkefnið endurspeglar vel hvernig stafrænar framleiðsluaðferðir

geta stutt við persónulegar þarfir, hagnýtar lausnir og frumkvöðlahugsun.

Hópurinn nýtti einnig opna tíma smiðjunnar afar vel, ekki síst þar sem þeir voru í beinu framhaldi af formlegri kennslu. Þannig gátu þátttakendur haldið áfram vinnu sinni, þróað hugmyndir frekar og prófað nýjar útfærslur.

Mörg þeirra verkefna sem unnin voru á námskeiðinu eru komin á það stig að raunhæft er að horfa til frekari þróunar, markaðssetningar eða jafnvel sprotastarfsemi. Samstarfið hefur reynst afar farsælt og verður framhald á því, en nýtt námskeið hefst í febrúar 2026.

Fab Lab Suðurnes þakkar fyrir gott og árangursríkt samstarf.



Bríet Ósk

Bríet Ósk, íbúi á suðurnesjum hefur nýtt aðstöðu smiðjunnar vel við þróun listaverka þar sem hún vinnur með gervigreind, laserskurð og endurunninn efnivið. Verkin hafa vakið athygli gesta og sýna hvernig samspil listar og stafrænnar tækni getur skapað nýja möguleika.

Í vinnu sinni hefur Bríet jafnframt þróað nýjar aðferðir við notkun laserskera og efniviða sem hafa orðið mikilvæg viðbót við þá þekkingu sem til staðar er í smiðjunni. Dæmið undirstrikar hvernig Fab Lab getur verið vettvangur fyrir nýja þekkingu, tilraunir og miðlun – hvort sem frumkvæðið kemur frá starfsfólki eða notendum.

Verkefnið hefur verið umfangsmikið og eru áform um að þróa það áfram með það fyrir augum að kanna möguleika á frekari uppbyggingu og sprotastarfsemi á næstu mánuðum.

Önnur samstarfsverkefni og nýting á smiðjunni

Fab Lab Suðurnes nýtur sífellt meiri athygli sem sameiginlegur vettvangur fyrir ólíka aðila í nærsamfélaginu og hefur aðstaðan verið nýtt á margvíslegan hátt utan hefðbundinnar kennslu.

Byggðasafnið á Garðskaga hefur meðal annars nýtt smiðjuna í tengslum við undirbúning sýningar. Þar hefur tækjabúnaður Fab Lab komið að góðum notum við hönnun og framleiðslu lausna sem styðja við miðlun efnis og framsetningu.

Listamenn á svæðinu hafa einnig sótt í smiðjuna og nýtt hana sem vinnurými við undirbúning og gerð verka fyrir sýningar. Aðgangur að stafrænum framleiðslutækjum hefur opnað nýja möguleika í útfærslu hugmynda og gert þeim kleift að prófa sig áfram með efni og aðferðir sem annars væru síður aðgengilegar.

Hópur meistaranema í arkitektúr hefur jafnframt nýtt smiðjuna við módelgerð, bæði fyrir skólaverkefni og í tengslum við sýningar. Þar hefur aðstaðan gert nemendum kleift að þróa nákvæm líkön og vinna hratt úr hugmyndum sínum með stuðningi stafrænnar framleiðslu.

Þá nýtti Fimleikafélag Keflavíkur hlaðvarpsaðstöðu smiðjunnar til upptöku á útvarpsþætti sem var hluti af jólasýningu félagsins. Verkefnið sýnir vel hvernig Fab Lab getur stutt við menningar- og félagsstarf í samfélaginu, ekki síður en formlegt nám.

Þessi fjölbreytta nýting undirstrikar mikilvægi smiðjunnar sem opins og sveigjanlegs vettvangs þar sem ólíkir hópar geta fundið leiðir til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.



NÁMSEFNI

Námsefni


Námsefni er aðgengilegt á sameiginlegri síðu Fab Lab smiðjanna <https://fablab.is/>

Þar er kennslufni m.a. um [tækjabúnað](#) og [hugbúnað](#) í Fab Lab smiðjunum ásamt [verkefnakveikjum](#) fyrir nemendur, kennara og aðra notendur smiðjanna. Fleiri verkefnakveikjur má finna á <https://www.pinterest.com/fablabisland/>

Gerðar hafa verið nýjar síður og eldri uppfærðar.

Ný kennsluvídeó voru gerð og eru aðgengileg á vefsíðu fablab.is og á Youtube rás Fab Lab Íslands.

Vefurinn í heild sinni var einnig uppfærður í nýtt kerfi WordPress og er nú með nýjustu öryggisuppfærslum.



VERKEFNAKVEIKJUR FYRIR LASERSKERA

Í síðum Fab Lab smiðjunnar landnáms eru laserskera. Laserskera skera út hönnuð að sumu leyti eins og rífsagir geta gert en þetta þó með þessari sem þendur er í gegnum efnið. Laserskera geta gert þetta á mun nákvæmari hátt og auðveldar að skera fleiri en eitt eintaki sem eru alveg eins.



Laserskera eru notaðir jónast til þess að gera flumgerðir skera út í þessvíg, í við eða pappa eða til að grafa í gler.

Lærðu á Laserskera

VERKEFNAKVEIKJUR FYRIR CNC

CNC (Computer Numerical Control) fráséðlamar í Fab Lab smiðjunum veita notendum tækifæri til að kynna nýrmi framfarissvæðinu. Notendur Fab Lab kynna hönnuð í CNC og þess og læra að útbúa kóða til þess að stjóra CNC fráséðlur til þess að framkalla flókabreyttar hugmyndir í við, plastefni eða annars konar efni.

Lærðu á fráséðlur



ÞRÍVÍDDARPRENTUN



Þrívíddarprentun í Fab Lab smiðjunum hjálpa notendum að reyna hugmyndir sínar í þrívídd. Notendur læra að hanna í þrívídd og þess á einhvern og aðganglegan hafi framkallað hugmyndir sínar í þrívíddarprentara. Notendur Fab Lab smiðjanna hafa hannað og prentað jónast gagnlega hluti í þrívíddarprentunum og kynnt mánunandi tækni við þrívíddarprentunina og mánunandi efniávinir.

Lærðu á þrívíddarprentara

VERKEFNAKVEIKJUR FYRIR VINYLSKERA

Vinylskera er stíluvæð vél sem notar hollfærð til þess að skera eftir þrívíddarhönnun úr þunnum og sveigjanlegum efnum eins og vinylfimmi, eða pappa. Vinylskera eru oft notaðir til þess að skera út límmíða í vinylfimmi fyrir vegg. Hluti eða glugga skera út fimmi fyrir farnað eða til þess að gera fimmi fyrir slíkprentun.

Lærðu á vinylskera



SAMÞÆTT VERKEFNI

Samþætt verkefni þar sem fjórir framfarissvæðin eru notaðir og notast er við stefndabúnað hafi fortaður til að framkalla áhrifa vinnu í verkefnum eru dæmi um áhugavert verkefni.

Lokaerkefni í Fab Academy eru dæmi um verkefni sem innihalda skýlara, útrúna, útbúi og eru gerðar jónast með þrívíddarprentunum, og eða CNC fráséðlur, laserskera og eru jónast framkallað með mótagerðarækni.



Lærðu í Fab Academy

SAMSTARF

Fab Lab Ísland

Fab Lab Suðurnes er hluti af öflugu landsneti Fab Lab smiðja á Íslandi. Starfsfólk smiðjanna hittist á vikulegum fundum þar sem fram fer miðlun þekkingar, samræming verkefna og umræða um þróun starfseminnar.

Aðild að slíku neti er afar mikilvæg fyrir smiðjuna. Hún veitir aðgang að víðtækri reynslu annarra, möguleika á að leita ráðgjafar og byggja á lausnum sem þegar hafa verið prófaðar annars staðar. Þetta styrkir faglegt bakland starfseminnar, ekki síst þar sem aðeins einn starfsmaður starfar við smiðjuna á Suðurnesjum.

Einu sinni á ári koma smiðjurnar síðan saman á svokölluðu Bootcampi. Þar er boðið upp á fjölbreytt námskeið, fyrirlestra og heimsóknir í fyrirtæki, auk þess sem þátttakendur fá tækifæri til að efla tengslanetið og deila reynslu sín á milli.



- [Akureyri](#)
- [Austurland](#)
- [Blönduós](#)
- [Hornafjörður](#)
- [Húsavík](#)
- [Ísafjörður](#)
- [Reykjavík](#)
- [Sauðárkrúkur](#)
- [Selfoss](#)
- [Strandir](#)
- [Suðurnes](#)
- [Vesturland](#)
- [Vestmannaeyjar](#)

Nordic Fab Lab Network

Fab Lab Suðurnes tekur þátt í norrænu samstarfi Fab Lab smiðja þar sem áhersla er lögð á tengslamyndun, reynslumiðlun og þróun nýrra verkefna yfir landamæri. Með þátttökunni styrkist staða smiðjunnar faglega og hún verður virkari hluti af alþjóðlegu samfélagi sem vinnur að framþróun stafrænnar framleiðslu, nýsköpunar og menntunar.

Árlega er haldin vinnuráðstefna, svokallað Bootcamp, þar sem fulltrúar smiðjanna koma saman, sækja námskeið og deila þekkingu og reynslu. Slíkur vettvangur er mikilvægur fyrir áframhaldandi þróun starfseminnar og eflingu tengslanets.

Í janúar 2026 var Lísbet Guðný Þórarinsdóttir kjörin varastjórnarmaður í stjórn norræna netsins fyrir hönd Íslands, sem styrkir enn frekar tengingu smiðjunnar við samstarfið og eykur aðkomu hennar að mótun verkefna á vettvangi þess.

FAB FOUNDATION

Fab Foundation er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var út frá MIT háskólanum árið 2009 í því skyni að styðja við stofnun og rekstur Fab Lab smiðja víðsvegar um heiminn. Markmið Fab Foundation er að veita aðgengi að tækjum, þekkingu og fjármagni til að mennta, vinna að nýsköpun og uppfinningum með því að nota tækni og stafræna tækni. Markmið Fab Foundation er að auka lífsgæði og samkeppnishæfni þar sem Fab Lab smiðjur eru staðsettar.

Starfsemi Fab Foundation hefur þrjár megin áherslur:

Menntun; að veita aðgengi að tækjum og þekkingu í stafrænni framleiðslu til fólks á öllum aldri; þróa námsskrár og fræðslustarf; þjálfa kennara og Fab-verkefnisstjóra

Innviðir og þjónusta; uppbygging og miðlun þekkingar á milli Fab Lab smiðja; miðlun fyrirmyndarverkefna og aðferða; stuðningur við starfandi Fab Lab smiðjur; styðja við árangursmat Fab Lab starfsemi; rekstur samstarfsnets Fab Lab smiðja á alþjóðavettvangi.

Viðskiptatækifæri; að styðja við og þróa viðskiptatækifæri sem til verða í Fab Lab smiðjum.

- [FAB FOUNDATION](#) | [FAB ACADEMY](#) | [FABRICADEMY](#)
- [SCOPES DE](#) | [Fablabs.io](#)

ÞAKKIR

Fab Lab Suðurnes vill færa öllum stofnaðilum sínum kærar þakkir fyrir mikilvægan stuðning og traust sem gerir starfsemina mögulega.

Sérstakar þakkir fær Vilhjálmur Magnússon fyrir vel unnin störf og þann trausta grunn sem hann byggði og hefur reynst dýrmætur í áframhaldandi uppbyggingu smiðjunnar.

Þá er Fjölbrautaskóli Suðurnesja þakkað fyrir áhuga, samstarf og öflugan stuðning við starfsemina. Einnig færum við samstarfsaðilum okkar innilegar þakkir, þar á meðal Elsu í Heiðarskóli, Rósa Guðmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Byggðasafnið á Garðskaga, fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf á árinu.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem komu í smiðjuna til að vinna, þróa hugmyndir eða kynna sér starfsemina. Án ykkar væri Fab Lab ekki sá lifandi og skapandi vettvangur sem hann er.

Takk!

LOKAORÐ

Fab Lab Suðurnes gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu þekkingar, nýsköpunar og tæknilæsis á svæðinu. Smiðjan er vettvangur þar sem hugmyndir fá að verða að veruleika og þar sem einstaklingar, skólar og fyrirtæki geta nálgast búnað, ráðgjöf og umhverfi sem styður skapandi lausnaleyti. Með tilvist sinni eykur smiðjan aðgengi að tækni sem áður var fámönnum hópum tiltæk og stuðlar þannig að auknu jafnrétti til þátttöku í þróun og verðmætasköpun.

Mikilvægi Fab Lab verður sífellt meira í ljósi þeirra breytinga sem eiga sér stað í samfélagi og atvinnulífi. Áhersla á skapandi hugsun, gagnrýna nálgun, tæknilega færni og hæfni til að hrinda hugmyndum í framkvæmd er í takt við þá framtíðarsýn sem sett er fram í OECD og endurspeglast jafnframt í íslenskri menntastefnu til ársins 2030. Þar er lögð áhersla á að nemendur þrói með sér hæfni til að skapa, miðla og nýta þekkingu í síbreytilegu umhverfi.

Í því samhengi hefur Fab Lab Suðurnes einstakt tækifæri til að hafa áhrif. Með markvissu samstarfi við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla má byggja brú milli náms og raunverulegra viðfangsefna. Nemendur fá þá tækifæri til að upplifa hvernig hugmynd verður að hönnun, frumgerð og að lokum fullunninni afurð. Slík reynsla eykur sjálfstraust, frumkvæði og skilning á eigin getu til að móta framtíð sína.

Framtíðarsýn smiðjunnar byggir á því að efla nýsköpunarhæfni íbúa Suðurnesja og styrkja þekkingu þeirra og færni til að raungera hugmyndir. Með því að bjóða upp á opinn og aðgengilegan vettvang fyrir tilraunir, nám og þróun verður til jarðvegur fyrir ný fyrirtæki, skapandi lausnir og aukið samfélagslegt frumkvæði.

Fab Lab Suðurnes mun áfram leggja áherslu á að vera tengiliður milli heimamanna og alþjóðlegs nets Fab Lab smiðja. Þannig fá notendur aðgang að hugmyndum, aðferðum og samstarfi sem nær langt út fyrir landsteinana, á sama tíma og þekking og reynsla héðan getur nýst öðrum.

Með þessari sýn getur smiðjan orðið lykilaðili í að byggja upp öflugra, sjálfbærara og samkeppnishæfara samfélag þar sem íbúar hafa raunverulegt svigrúm til að skapa, prófa og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Að lokum vil ég hvetja íbúa svæðisins, skóla, fyrirtæki og félagasamtök til að kynna sér starfsemi smiðjunnar og nýta þá aðstöðu sem þar er í boði. Fab Lab Suðurnes er opið öllum sem hafa áhuga á að þróa hugmyndir sínar, læra nýja hluti og taka þátt í skapandi samfélagi.

Virðingafyllst,



Lísbet Guðný Þórarinsdóttir
Forstöðumaður Fab Lab Suðurnes

STÖÐUSKÝRSLA FAB LAB SUÐURNES


1.janúar til 12.júní 2025



Inngangur




Í þessari stöðuskýrslu er yfirlit yfir starfseminu á tímabilinu frá 1. janúar til 12. júní 2025, þar sem farið er yfir helstu verkefni, þátttöku ólíkra hópa og þær áskoranir og tækifæri sem blasa við smiðjunni á næstu misserum. Á þessum sex mánuðum hefur verið unnið með fjölbreyttum hópum – frá grunn- og framhaldsskólanemendum til listaháskólanema, nemenda og kennara í evrópuverkefnum. Verkefnin sem unnin hafa verið spanna allt frá skapandi lokaverkefnum og frumgerðum yfir í tónlistarsmíði, hönnunarsýningar og samstarf tengt nýsköpunarverkefnum ungs fólks.

Markmið skýrslunnar er að sýna fram á það starf sem hefur verið unnið og að varpa ljósi á hvernig Fab Lab Suðurnes getur áfram þjónað samfélaginu sem vettvangur þekkingar-sköpunar, tækniþróunar og sköpunargleði.



Fab Lab áfangi

Í Fab Lab áfanganum sem haldinn var á önninni tóku 32 nemendur þátt. Þeir kynntust starfi og tækjum smiðjunnar, meðal annars laserskurði, þrívíddarteikningu og þrívíddarprentun, auk þess að vinna að ýmsum öðrum verkefnum. Nemendurnir hönnuðu lokaverkefni þar sem þeir sameinuðu þá þekkingu sem þeir höfðu aflað sér yfir önnina, á svipaðan hátt og gert er í Fab Academy. Meðal áhugaverðra lokaverkefna má nefna litla veðurathugunarstöð, tölvuspil með Pong-leik, viftubíl, Led lampa, barnaóróa og fleiri skapandi verkefni. Á næstu önn verður boðið upp á framhalds Fab Lab áfanga í FS sem þróaður verður á næstu misserum.



Ungir frumkvöðlar JA Iceland

Nemendur í viðskiptafræðiáfanga við FS tóku þátt í keppninni Ungir frumkvöðlar, þar sem eitt af (demo) fyrirtækjunum sem þau stofnuðu komst í úrslit 30 fyrirtækja af alls 140 slíkum fyrirtækjum. Fyrirtækið nefnist BlueBoost og þróaði það steinefna- og vítamínríkt duft sem blandað er út í vatn fyrir frumkvöðlakeppnina. Varan inniheldur meðal annars kísil og prótein úr íslenskum þörungum og er sérstaklega ætluð þeim sem vilja hlúa að heilsunni. Kísill og magnesíum voru fengin frá *GeoSilica*, en próteinið er unnið úr fjörugrasi sem tínt var við strendur Íslands og unnið til neyslu í aðstöðu hjá *Matís*. Fab Lab smiðjan kom að verkefninu með ráðgjöf og aðstoð við vöruhönnun, ásamt gerð markaðsefnis eins og skilta, merkimiða og umbúða.



Evrópuverkefni FS

Í maí komu hópar frá Danmörku, Svíþjóð og Króatíu í smiðjuna í tengslum við Erasmus+ verkefni. Hóparnir unnu að verkefnum tengdum nýsköpun innan síns þema. Kennararnir fengu fyrst kynningu og sérnámskeið þar sem farið var yfir hvað smiðjan hefur upp á að bjóða. Að því loknu fengu nemendurnir, ásamt íslensku þátttakendum verkefnisins, að vinna að eigin verkefnum í smiðjunni. Þau smíðuðu meðal annars símastanda úr við, sem voru skreyttir í samræmi við áhugasvið þátttakenda.





Nemar í kennaranámi Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands

Áframhald hefur verið á því að nemendur í Kennaraháskólanum hafi fengið fræðslu í smiðjunni í gegnum sérhæfð námskeið, og einnig nemendur Listaháskólans sem hafa bókad tíma fyrir ýmis verkefni.



Hönnunarmars 2025

Hönnunarahátíðin var haldin með glæsibrag dagana 24.–27. apríl. Tveir hönnuðir sem nýttu sér Fab Lab Suðurnes tóku þátt og sýndu verkefni. Þúsundir gesta heimsóttu sýningar, viðburði og vinnustofur víðsvegar um Reykjavík, þar sem bæði rótgrónir og upprennandi hönnuðir kynntu verk sín. Þema ársins var Samhengi og framtíð, með áherslu á sjálfbærni, samfélagslega ábyrgð og tengsl hönnunar við tækni og umhverfi. Fjölbreytt dagskrá spannaði allt frá fatahönnun og arkitektúr til stafrænnar hönnunar og nýsköpunar í efnisnotkun. Sýningar í Grósku og á Kjarvalsstöðum vöktu mikla athygli, en einnig voru margir minni viðburðir sem undirstrikuðu fjölbreytileika íslenskrar hönnunar. Það var mjög ánægjulegt að geta stutt þessa frábæru hönnuði við að ná markmiðum sínum.



Fab Lab námskeið

Á tímabilinu var boðið upp á átta örnámskeið af fjölbreyttum toga, þar á meðal grunnnámskeið í Fab Lab, gluggafilmhönnun, örtölvur og forritun, þrívíddarteikningu í Fusion 360 og CNC-vinnslu. Þrátt fyrir metnaðarfulla dagskrá reyndist þátttaka fremur takmörkuð, utan kennaranámskeiðsins sem vakti ágætis áhuga.

Þetta kallar á nýja nálgun til að ná til breiðari hóps þátttakenda. Til að auka þátttöku þarf að hugsa út fyrir hefðbundnar kynningarleiðir eins og samfélagsmiðla og heimasíður, og í auknum mæli leita leiða til að virkja samfélagið beint. Byggja þarf upp aukið samstarf við stofnanir, áhugamannahópa og atvinnulífið á svæðinu. Einnig má hugsa sér að bjóða upp á lengri námskeið í samstarfi við aðrar stofnanir, eða bjóða oftar upp á opna daga í smiðjunni fyrir forvitna gesti sem geta kynnst tækninni á eigin forsendum, án þess að þurfa að skrá sig á heilar lotur. Á sama tíma þarf einnig að horfa til innviða. Ef taka á á móti stærri hópum til framtíðar þarf að bæta aðstöðuna, sérstaklega tölvuværið sem nú hýsir einungis fimm tölvur. Því er mikilvægt að finna lausnir á þessari áskorun á næstu misserum, svo unnt sé að mæta þörfum framtíðarinnar og tryggja að sem flestir hafi aðgang að smiðjunni og þeirri þekkingu sem þar er í boði.

FAB LAB ÖRNÁMSKEIÐ

Fab Lab Suðurnes býður upp á örnámskeið fyrir alla sem vilja auka þekkingu sína í skipandi greinum.

VERIÐ VELKOMIN!

Fab Lab printer Lærir að hanna með 3D printar og hanna vélir. 8. janúar 17.00-20.00	3D printar Lærir að hanna og printa 3D hluti. 12. janúar 17.00-20.00	Fusion 360 Lærir að hanna og printa 3D hluti. 17. janúar 17.00-20.00	CNC vél Lærir að hanna og printa 3D hluti. 1. febrúar 17.00-20.00
--	---	---	--

Aðrir upplýsingar

- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar
- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar
- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar

FAB LAB ÖRNÁMSKEIÐ

Fab Lab Suðurnes býður upp á örnámskeið fyrir alla sem vilja auka þekkingu sína í skipandi greinum.

VERIÐ VELKOMIN!

3D printar Lærir að hanna og printa 3D hluti. 12. janúar 17.00-20.00	3D printar Lærir að hanna og printa 3D hluti. 17. janúar 17.00-20.00	CNC vél Lærir að hanna og printa 3D hluti. 1. febrúar 17.00-20.00	LED ljós Lærir að hanna og printa 3D hluti. 15. febrúar 17.00-20.00
---	---	--	--

Aðrir upplýsingar

- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar
- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar
- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar

FAB LAB NÁMSKEIÐ

FYRIR KENNARA Á GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLASTIGI



VERIÐ VELKOMIN!

Námskeiðsháttur:

- Kynning á námskeiði sem hvernig gæta nýs í kennslu
- Væðing á námskeiði með tækni
- Tækniþróun og hagnýtt náttúru þess námskeiðs
- Kynning á Arduino verkefnum
- Kynning og umfærsla um gervigreindarlausnir í námskeiði


Aðrir upplýsingar

- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar
- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar
- Stofnun: Félagsmiðlið Suðurnes, Sundmúli 56
- Þrátt fyrir vandabætur á 3D printar



Opnir tímar fyrir almenning

Opnir tímar fyrir almenning hafa gengið vel á tímabilinu. Þó nokkur aukning hefur orðið, sérstaklega í mætingu ungs fólks. Verkefnin eru mjög fjölbreytt, en markmiðin alltaf þau sömu: að gestir geti unnið að eigin verkefnum, lært á stafrænar framleiðsluaðferðir og fengið leiðsögn eftir þörfum. Aukninguna má rekja til aukins áhuga á þrívíddarteikningu og þrívíddarprentun. Á tímum þar sem sjálfbærni, nýsköpun og hagkvæmar lausnir skipta miklu máli, hefur þrívíddarprentun sannað gildi sitt sem sveigjanleg og áhrifarík framleiðsluaðferð og er orðin ómissandi hluti af nútíma verkfæraættu.




Opnunartími Fab Lab Suðurnes

ATHUGIÐ Timapantanir fara fram í gegnum emailið fablab@fss.is eða í síma 862-0648

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
8:10 - 11:20 Kennsla	8:10 - 13:00 Tímar fyrir einstaklinga, frumkvöðla, fyrirtæki og stofnanir (tímabókanir)	8:10 - 11:20 Kennsla 10:00 - 11:00 Fab Lab Island Teams Fundir	8:10 - 11:20 Kennsla	8:10 - 13:00 Tímar fyrir einstaklinga, frumkvöðla, fyrirtæki og stofnanir (tímabókanir)	
12:00 - 15:00 Tímar fyrir einstaklinga, frumkvöðla, fyrirtæki og stofnanir (tímabókanir)	13:00 - 16:00 Þróun & samstarf	12:00 - 16:00 Tímar fyrir einstaklinga, frumkvöðla, fyrirtæki og stofnanir (tímabókanir)	12:00 - 14:00 Tímar fyrir einstaklinga...	13:00 - 15:00 Þróun & samstarf	
15:00 - 19:00 Almennur opnunartími		17:00 - 20:00 Námskeið	14:00 - 19:00 Almennur opnunartími	15:00 - 16:00 Hreinsun og viðhald tækja.	


- Kennarar sem hlotið hafa þjálfun í notkun tækja geta bókað kennslu á rauðum tímum í smíðjunni.
- Tímar sem einstaklingar, fyrirtæki, frumkvöðlar og stofnanir geta pantað fyrir sérhæfða aðstoð.
- Tími fyrir þjálfun kennara, þróun og samstarf með fyrirtækjum og stofnunum.
- Opinn tími fyrir alla sem vilja nýta smíðuna. **A.TH. ÞARF EKKI AÐ BÓKA TÍMA.**
- Námskeið af ýmsu tagi, auglýst sérstaklega.

Til þess að nýta Shop Bot viðarfræsaran þú þarft að panta tíma!



Hljóðfærasmíði í Fab Lab

Verkefni í hljóðfærasmíði voru unnin á árinu og það er alltaf gaman að sjá fólk læra nýja hluti í tengslum við það. Verkefnin sneru bæði að hefðbundnum hljóðfærum, en einnig hlutum sem augljóslega eru ekki fáanlegir í næstu hljóðfæraverslun. Það er einnig áhugavert að sjá hvernig prívíddarprentun er að ryðja sér til rúms á þessu sviði, einkum þegar kemur að aukahlutum hljóðfæra. Prívíddarprentun nýtist einnig vel við að laga hluti sem hafa brotnað eða bilað. Þá læra notendur að teikna í prívíddarteikniforriti og prenta út í prívíddarprentara. Að þróa ný hljóðfæri eða búnað tengdan tónlist er ekki aðeins listræn tilraun heldur einnig samfélagslega mikilvægt framlag – það eykur fjölbreytileika í menningarlífi, brýtur upp rótgróin mynstur og gefur rými fyrir nýjar raddir og nýjan hljóð.



Lokaorð

Á þessu sex mánaða tímabili, sem fjallað er um í þessari skýrslu, hefur náðst góður árangur á sumum sviðum, en á öðrum hefur árangurinn ekki orðið eins mikill og vonast var eftir. Notkun nemenda úr Fjölbautaskólanum í Suðurnesjum hefur aukist verulega – bæði þeirra sem taka þátt í formlegu námi og einnig þeirra sem vinna að áhugasviðsverkefnum. Nemendur sem skráðir voru í Fab Lab-áfangann voru sérstaklega duglegir að nýta sér opna tíma smiðjunnar til að ljúka verkefnum sínum.

Í opnum tímum hefur þátttaka barna á grunnskólaaldri einnig aukist, sem má einkum rekja til áhuga þeirra á þrívíddarprentun. Þau koma inn með það í huga að prenta út hluti, en smám saman kviknar áhugi á að læra að teikna sín eigin verkefni frá grunni. Það er einnig einstaklega ánægjulegt að fylgjast með vaxandi áhuga á hljóðfærasmíði og tækjabúnaði tengdum tónlist og ekki síst að sjá löng og flókin verkefni taka smám saman á sig mynd og verða að veruleika.

Á hinn bóginn hefur áhugi á Fab Lab-námskeiðum dvínað töluvert á tímabilinu, og því er mikilvægt að greina betur hvaða námskeið þarf að bjóða upp á í framtíðinni. Frá upphafi hafa Fusion 360, laserskurðarnámskeið og námskeið í CNC-fræsingu verið þau sem mestur áhugi hefur verið á. Eins og fram kemur annars staðar í skýrslunni þarf að endurmeta fyrirkomulag námskeiðanna og byggja upp samstarf við fleiri stofnanir til að ná til breiðari hóps.

Þar sem þetta er mín síðasta skýrsla sem ég skrifa fyrir Fab Lab Suðurnes, vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa komið að verkefninu. Ég vona að Fab Lab Suðurnes haldi áfram að vaxa og dafna og gegni áfram því mikilvæga hlutverki sem því er ætlað. Ég er stoltur af þeirri vinnu sem hefur verið unnin og þakklátur fyrir að hafa fengið að kynnast því frábæra fólki sem ég hef starfað með.

Vilhjálmur Magnússon